

Fjármálaeftirlitið
Bt. Jónasar Fr. Jónssonar,
forstjóra
Suðurlandsbraut 32,
108 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2008.

EFNI: Fyrirspurn um afskipti FME af birtingu upplýsinga um viðskipti innherja í SPRON og öðrum sparisjóðum.

Að undanfögnu hafa fjölmiðlar fjallað um hvort stjórnarmönnum í SPRON hafi borið að upplýsa um viðskipti sín með stofnfjárluti í sparisjóðnum eftir ákvörðun stjórnar félagsins 17. júlí sl. um að leita eftir samþykki fyrir breytingu sparisjóðsins í hlutafélag og sækja um skráningu í kauphöll. Hefur stjórn Samtaka fjárfesta lýst undrun yfir þeirri fullyrðingu SPRON að ekki hafi átt eða mátt upplýsa markaðinn um viðskipti stjórnarmanna í SPRON og kallað eftir skýringum.

SPRON hefur af þessu tilefni kynnt Samtökum fjárfesta samskipti við Fjármálaeftirlitið á árinu 2004 og m.a. vísað sérstaklega í bréf frá FME dags. 30. júní það ár. Var samtökunum gerð grein fyrir að SPRON hafi liti svo á, að FME bannaði birtingu upplýsinga um viðskipti fruminnherja, þ.m.t. stjórnarmanna, með eignarhluti í félaginu.

Í ljósi þessa og til að fá sem gleggsta mynd af því, hvaða reglur gilda um birtingu upplýsinga um viðskipti fruminnherja í sparisjóðum fer stjórn Samtaka fjárfesta þess á leit við Fjármálaeftirlitið að það upplýsi eftirfarandi:

- Hefur FME bannað SPRON að birta upplýsingar um viðskipti stjórnarmanna? Æskilegt væri að fá afrit af bréfaskiptum FME og SPRON um þetta atriði.
- Hafi FME bannað birtingu umræddra upplýsinga óskast upplýst á hvaða lagagrundvelli slík fyrirmæli kunni að hafa verið reist.
- Lítur FME svo á að öðrum sparisjóðum sé bannað að birta upplýsingar um viðskipti fruminnherja með eignarhluti í hlutaðeigandi félögum?

Stjórn Samtaka fjárfesta vísar til þess að á síðasta ári áttu nokkur þúsund fjárfestar viðskipti með stofnfjárhluti í sparisjóðum fyrir tugi milljarða króna. Vegna umfangs þessara viðskipta telur stjórnin brýnt að öllum vafa sé eytt um hvort heimilt hafi verið eða skylt að birta upplýsingar um viðskipti fruminnherja í umræddum félögum. Leiki einhver vafi á því, beinir stjórnin þeim tilmælum til FME að honum verði eytt. Jafnframt að FME tryggi að ekki eigi sér stað hliðstæð viðskipti án þess að upplýsingar liggi fyrir um viðskipti fruminnherja þeim til leiðbeiningar sem vilja eiga viðskipti með hluti í sparisjóðum.

Virðingarfyllt,

F.h. Samtaka fjárfesta.

Vilhjálmur Bjarnason
framkvæmdastjóri